

Föstudaginn 12. júní 1953.

Nr. 162/1952. **Guðmundur Egilsson**

gegn

**Giuseppe Ferrua Luissiano**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar **Hæstaréttar**.

Frávísun frá Hæstarétti.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar með stefnu 29. október 1952 til þingfestingar í desembermánuði s. á. Er málið hafði verið þingfest, var því frestað til marzmánaðar þ. á. og síðan til maímánaðar s. l. Áfrýjandi hefur nú beðið um frest í málinu. Stefndi hefur neitað um frestinn og krafizt þess, að málinu verði vísað frá Hæstarétti.

Þar sem áfrýjandi hefur enga grein gert fyrir frestbeiðni sinni, verður henni ekki sinnt. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Stefndi hefur ekki krafizt málskostnaðar hér fyrir dómi. Á því hvor aðilja að bera kostnað sinn af áfrýjun málsins.

### **Dómsorð:**

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.

Hvor aðilja ber kostnað sinn af áfrýjun málsins.